

Fundargerð 76. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 19. september kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Freyr Eyjólfsson verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Þá sat fundinn Þorgerður María Þorbjarnardóttir, nýráðinn starfsmaður hjá sambandinu sem mun aðstoða Eygerði í hennar störfum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 75. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 15. ágúst sl., lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Lagabreytingar sl. sumar gera ráð fyrir miklum breytingum á framlengdri framleiðendaábyrgð og þar með starfsemi Úrvinnslusjóðs. Gert er ráð fyrir að ábyrgðin muni koma til með að ná yfir stærri hluta af kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra um endurskoðun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar er að störfum og hitti fulltrúa sveitarfélaga 2. september sl. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU bs. á sæti í hópnum. Ríkisendurskoðun hefur lokið úttekt á starfsemi Úrvinnslusjóðs sem byggði á beiðni Alþingis frá 31. maí 2021. Í úttekt Ríkisendurskoðunar eru lagðar fram tillögur til úrbóta í sex liðum.

Verkefnisstjóri sem jafnframt á sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs greindi frá helstu málum er varða Úrvinnslusjóð og framlengda framleiðendaábyrgð sem ræddar voru á fundi með starfshópnum.

Verkefnisstjórn áréttar að aukin framleiðendaábyrgð er einn af lykilþáttum við innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Mikilvægt er því að fyrirkomulag og fjármögnun í gegnum Úrvinnslusjóð eða með öðrum hætti sem ákveðinn verður þarf að liggja fyrir sem fyrst. Verkefnisstjórnin bendir á að alger uppstokkun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar myndi taka langan tíma og tefja framgang hringrásarhagkerfis hér á landi.

Verkefnisstjórn telur skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóð leiða í ljós að tækifæri eru til að auka gagnsæi og vinna að margháttaðum úrbótum í starfsemi sjóðsins. Mikilvægt er að unnið verði markvisst að þeim úrbótum, í góðri sátt við sveitarfélögin.

3. **Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi og samstarf við URN - 2112034SA**

Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi, sem sambandið stendur að með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, er í fullum gangi. Framundan er ráðstefna 7. október þar sem nýleg handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga verður kynnt, sagt frá vinnu innan átaksins auk þess sem boðið er upp á vinnustofu um innleiðingu Borgað þegar hent er (BPHE) kerfa.

Átakið er þrískipt, í svæðisáætlana hlutanum er verið að leggja lokahönd á grunnstöðumat á meðhöndlun úrgangs hjá þeim sveitarfélögum sem tóku þátt í átakinu byggða á fundunum og samantekt sem unnin hefur verið á þeim svæðum sem um ræðir. Í innkaupahlutanum er m.a. unnið að gerð sniðmáta fyrir innkaup á úrgangspjónustu sem eru hugsað til að leiðbeina við útboðsgerð. Í þeim hluta sem snýr að innleiðingu breyttrar innheimtu í takt við BPHE þá verður heildstæð aðgerðaráætlun fyrir sveitarfélög aðgengileg um miðjan október. Þar verður tilgreint lið fyrir lið hvaða skref þurfi að taka til að vera tilbúin þegar ný lög taka gildi á áramótum.

Freyr Eyjólfsson og Eygerður gerðu grein fyrir stöðu verkefna fyrir stöðu verkefna og minntu jafnframt á málþing sem haldið verður 7. október nk. um innleiðingu hringrásarhagkerfis, þar sem tækifæri gefst fyrir sveitarstjórnarfolk að skiptast á skoðunum. Einn lykilmáttur í samtalinu framundan verður m.a. að ná sem mestri samstöðu um leiðir til innleiðingar BPHE, ásamt því að árangur náist í að þróa álagningarkerfi í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um álagningu sorpgjalda.

4. **Meðhöndlun sláturúrgangs og dýrahæja - 2202016SA**

Hjá SORPU bs. stendur yfir vinna sem miðar að bættri nýtingu og meðhöndlun sláturúrgangs og dýrahæja. Verkefnið snýr að því að breyta slátur- og kjötvinnsluúrgangi í nothæfa afurð. Með því yrði urðun þess konar úrgangs sem fellur til á höfuðborgarsvæðinu og mögulega einnig í nærsveitum hætt. Verkefni um dýrahæ er styttra á veg komið, en það miðar einnig að því að hætta urðun á þess konar úrgangi.

Gunnar Bragason ráðgjafi kom inn á fundinn og sagði frá vinnu SORPU bs. Rætt var um mögulegt samstarf milli SORPU og Kólku um frekari vinnslu málsins. Fram kom að sambærilegar spurningar brenna á fleiri sveitarfélögum. Prenging á heimildum urðunarstaða til urðunar sláturúrgangs getur kallað á fjárfestingar en sveitarfélög kalla eftir aðkomu ríkisins, þar sem áhersla verði lögð á öruggan farveg fyrir förgun áhættuvefja.

Verkefnisstjórn telur afar brýnt að fundin verði ásættanleg lausn fyrir förgun dýraleifa þar sem áhersla verði lögð á öruggan farveg fyrir förgun áhættuvefja. Prenging á heimildum urðunarstaða til urðunar sláturúrgangs getur kallað á

fjárfestingar af hálfu sveitarfélaga en sveitarfélög kalla eftir aðkomu ríkisins að verkefninu, þar sem augljóslega reynir á skyldur ríkisins á grundvelli EES-samningsins.

5. Rannsókn um úrgangsstjórnun á Íslandi - 2009232SA

Út er komin ritrýnd grein í tímaritinu „Waste Management“ um úrgangsstjórnun á Íslandi sem ber heitið „Waste management in Iceland: Challenges and costs related to achieving the EU municipal solid waste targets“.

Guðmundur Kristján Óskarsson einn höfundur greinarinnar og dósent á viðskipta- og raunvísindasviði Háskólans á Akureyri kom inn á fundinn og sagði frá niðurstöðum rannsóknarinnar sem um ræðir, þar sem leitast er við m.a. að skoða kostnað við meðhöndlun úrgangs út frá byggðasjónarmiði.

Fram kom hvatning af hálfu verkefnisstjórnar til Guðmundar og meðhöfunda hans um að þörf er á frekari rannsóknum í úrgangsmálum og að mikilvægt sé fyrir sveitarfélög að rýna málaflokkinn út frá byggðasjónarmiðum. Fram kom vilji af hálfu verkefnisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga til samstarfs við háskólasamfélagið um þetta málefni.

6. Innleiðing hringrásarhagkerfis í Skaftárhreppi - 2112034SA

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri Skaftárhrepps, mætti á fundinn og sagði frá verkefnum sem eru í gangi í sveitarfélaginu í úrgangsmálum og innleiðingu hringrásarhagkerfis og svaraði spurningum fundarmanna. Settar hafa verið upp grenndarstöðvar til að auka sérsöfnun í sveitarfélaginu en ekki hefur enn verið ráðist í fjárfestingar sem næstu skref kalla á, þ.e. djúpgáma og flokkunarhúsnæði. Að sögn Einars er þörf á endurmati á verkefninu áður en hægt verður að innleiða það að fullu, m.t.t. valkosta og fjármögnunar. Einnig er til meðferðar í ráðuneytinu beiðni sveitarfélagsins um undanþágu frá kröfum um sérsöfnun.

7. Önnur mál - 2009111SA

Fundi var slitið kl. 12:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson